



**33. fundur Heimastjórnar Fljótshálsa
haldinn í fjarfundi, föstudaginn 24. mars 2023
og hófst hann kl. 13:00**

Fundinn sátu:

Vilhjálmur Jónsson formaður, Dagmar Ýr Stefánsdóttir aðalmaður, Jóhann Gísli Jóhannsson aðalmaður og Óðinn Gunnar Óðinsson skrifstofustjóri.

Fundargerð ritaði: Óðinn Gunnar Óðinsson, skrifstofustjóri

Dagskrá:

1. 202303054 - Umsagnarferli vegna umsóknar um rekstrarleyfi fyrir Hótel Stuðlagil, á Skjöldólfsstöðum á Jökuldal

Fyrir liggur frá Sýslumanninum á Austurlandi beiðni um umsögn vegna umsóknar frá Remote hotels ehf, kennitala 6312151060, dagsett 6.3. 2023, um leyfi til reksturs gististaðar í flokki IV-A Hótel, að Skjöldólfsstöðum á Jökuldal, 701 Egilsstaðir.

Fyrir liggur jákvæð umsögn byggingarfulltrúa og skipulagsfulltrúa. Einnig jákvæð umsögn frá Heilbrigðiseftirliti Austurlands og Brunavörnum á Austurlandi.

Með vísan til 4. mgr. 10. gr. laga nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald, veitir heimastjórn Fljótshálsa jákvæða umsögn og staðfestir jafnframt að staðsetning staðar sem umsóknin lýtur að, sé innan þeirra marka sem reglur og skipulag sveitarfélagsins segir til um.

Samþykkt samhljóða með handauppréttingu.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 13:15

